

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014 hljóði svo:

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða gerðir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Ákvæði 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014 hljóði svo:

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2014/119/SSUÖ frá 5. mars 2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal:
 - 1.1 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/143 frá 29. janúar 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 12 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 1.2 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/364 frá 5. mars 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 13 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 1.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/876 frá 5. júní 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 14 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 1.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1781 frá 5. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.4.
 - 1.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/318 frá 4. mars 2016 um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1.5.
2. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2:
 - 2.1 Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/138 frá 29. janúar 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 15 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 2.2 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/357 frá 5. mars 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 16 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 2.3 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/869 frá 5. júní 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 17 við reglugerð nr. 745/2015.

- 2.4 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/1777 frá 5. október 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.4.
- 2.5 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/311 frá 4. mars 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2.5.
3. Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 287/2014:
 - 3.1 Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2014/151/SSUÖ frá 21. mars 2014 um framkvæmd ákvörðunar 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 330/2014.
 - 3.2 Framkvæmdarákvörðun ráðsins 2014/238/SSUÖ frá 28. apríl 2014 um framkvæmd ákvörðunar 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 522/2014.
 - 3.3 Ákvörðun ráðsins 2014/265/SSUÖ frá 12. maí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3 við reglugerð nr. 522/2014.
 - 3.4 Ákvörðun ráðsins 2014/308/SSUÖ frá 28. maí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 3.5 Ákvörðun ráðsins 2014/455/SSUÖ frá 11. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 764/2014.
 - 3.6 Ákvörðun ráðsins 2014/475/SSUÖ frá 18. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 5 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 3.7 Ákvörðun ráðsins 2014/499/SSUÖ frá 25. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 3.8 Ákvörðun ráðsins 2014/508/SSUÖ frá 30. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 10 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 3.9 Ákvörðun ráðsins 2014/658/SSUÖ frá 8. september 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 75/2015 (sjá leiðréttingu í Stjtið. ESB L 275, 20. október 2015, bls. 68).
 - 3.10 Ákvörðun ráðsins 2014/801/SSUÖ frá 17. nóvember 2014 um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 3.11 Ákvörðun ráðsins 2014/855/SSUÖ frá 28. nóvember 2014 um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 5 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 3.12 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/241 frá 9. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna

- landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 6 við reglugerð nr. 745/2015.
- 3.13 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/432 frá 13. mars 2015 um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 3.14 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1524 frá 14. september 2015 um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.14 (sjá leiðréttingu í Stjtið. ESB L 280, 24. október 2015, bls. 39).
 - 3.15 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/359 frá 10. mars 2016 um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.15.
4. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð nr. 287/2014:
- 4.1 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 284/2014 frá 21. mars 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð nr. 330/2014.
 - 4.2 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 433/2014 frá 28. apríl 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð nr. 522/2014.
 - 4.3 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 476/2014 frá 12. maí 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð nr. 522/2014.
 - 4.4 Framkvæmdarreglugerð ráðsins nr. 477/2014 frá 12. maí 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 5 við reglugerð nr. 522/2014.
 - 4.5 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 577/2014 frá 28. maí 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 4.6 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 753/2014 frá 11. júlí 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð nr. 764/2014.
 - 4.7 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 783/2014 frá 18. júlí 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 6 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 4.8 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 810/2014 frá 25. júlí 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 4.9 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 811/2014 frá 25. júlí 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 9 við reglugerð nr. 935/2014.
 - 4.10 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 826/2014 frá 30. júlí 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 11 við reglugerð nr. 935/2014.

- 4.11 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 959/2014 frá 8. september 2014 um breytingu reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4 við reglugerð nr. 75/2015.
- 4.12 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 961/2014 frá 8. september 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð nr. 75/2015 (sjá leiðréttingu í Stjtið. ESB L 275, 20. október 2015, bls. 68).
- 4.13 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 1225/2014 frá 17. nóvember 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8 við reglugerð nr. 745/2015.
- 4.14 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) nr. 1270/2014 frá 28. nóvember 2014 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 9 við reglugerð nr. 745/2015.
- 4.15 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/240 frá 9. febrúar 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 10 við reglugerð nr. 745/2015.
- 4.16 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/427 frá 13. mars 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 11 við reglugerð nr. 745/2015.
- 4.17 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/1514 frá 14. september 2015 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.17 (sjá leiðréttingu í Stjtið. ESB L 280, 24. október 2015, bls. 38).
- 4.18 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/353 frá 10. mars 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.18.
5. Ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ frá 23. júní 2014 um takmarkanir að því er varðar vörur sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 722/2014:
 - 5.1 Ákvörðun ráðsins 2014/507/SSUÖ frá 30. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um takmarkanir að því er varðar vörur sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 5.1 við reglugerð þessa.
 - 5.2 Ákvörðun ráðsins 2014/933/SSUÖ frá 18. desember 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 1 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 5.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/959 frá 19. júní 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð nr. 745/2015.
6. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 692/2014 frá 23. júní 2014 um takmarkanir á innflutningi til Sambandsins á vörum sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 2 við reglugerð nr. 722/2014:
 - 6.1 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 825/2014 frá 30. júlí 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 692/2014 um takmarkanir á innflutningi til Sambandsins á vörum sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 6.1 við reglugerð þessa.
 - 6.2 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1351/2014 frá 18. desember 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 692/2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Krím og Sevastopol, sbr. fylgiskjal 3 við reglugerð nr. 745/2015.

7. Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 12 við reglugerð nr. 935/2014:
 - 7.1 Ákvörðun ráðsins 2014/659 frá 8. september 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3 við reglugerð nr. 75/2015.
 - 7.2 Ákvörðun ráðsins 2014/872/SSUÖ frá 4. desember 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu og á ákvörðun 2014/659/SSUÖ um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 18 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 7.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/971 frá 22. júní 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 19 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 7.4 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1764 frá 1. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.4.
 - 7.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/2431 frá 21. desember 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.5.
8. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 13 við reglugerð nr. 935/2014:
 - 8.1 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 960 frá 8. september 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 5 við reglugerð nr. 75/2015.
 - 8.2 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1290/2014 frá 4. desember 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu og á reglugerð (ESB) nr. 960/2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sbr. fylgiskjal 20 við reglugerð nr. 745/2015.
 - 8.3 Reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1797 frá 7. október 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.3.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Fylgiskjöl.

Fylgiskjöl 1.4, 1.5, 2.4, 2.5, 3.14, 3.15, 4.17, 4.18, 5.1, 6.1, 7.4, 7.5 og 8.3 eru birt með reglugerð þessari.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 16. apríl 2016.

Lilja Alfreðsdóttir.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.4.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/1781

frá 5. október 2015

um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu

1. gr.

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2014/119/SSUÖ kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Þessi ákvörðun skal taka gildi þann dag sem hún er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Þessi ákvörðun skal gilda til 6. mars 2016.

Þessi ákvörðun skal vera í stöðugri endurskoðun. Hún skal endurnýjuð eða henni skal breytt, eftir atvikum, ef ráðið telur að markmið hennar hafi ekki náðst.“

2. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2014/119/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452620833534&uri=CELEX:32015D1781>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 1.5.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/318

frá 4. mars 2016

um breytingu á ákvörðun 2014/119/SSUÖ um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu

Ákvörðun 2014/119/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 5. gr. kemur:

Þessi ákvörðun skal gilda til 6. mars 2017.

2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1458552445727&uri=CELEX:32016D0318>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.4.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1777

frá 5. október 2015

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 208/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452621826147&uri=CELEX:32015R1777>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 2.5.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/311

frá 4. mars 2016

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 208/2014 um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 208/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1458552445727&uri=CELEX:32016R0311>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 3.14.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/1524

frá 14. september 2015

um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) 2. mgr. 6. gr. hljóði svo: Þessi ákvörðun skal gilda til 15. mars. 2016.
- 2) Viðaukinn breytist í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452622067771&uri=CELEX:32015D1524>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 3.15.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/359

frá 10. mars 2016

um breytingu á ákvörðun 2015/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

Ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) 2. mgr. 6. gr. hljóði svo: Þessi ákvörðun skal gilda til 15. mars 2016.
- 2) Viðaukinn breytist í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.

(Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1458552445727&uri=CELEX:32016D0359>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 4.17.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1514

frá 14. september 2015

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452622349788&uri=CELEX:32015R1514>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 4.18.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/353

frá 10. mars 2015

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1458552445727&uri=CELEX:32016R0353>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Fylgiskjal 5.1.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2014/507/SSUÖ**

frá 30. júlí 2014

um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÖ um takmarkanir að því er varðar vörur sem eru upprunnar á Krímeða í Sevastopol vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. júní 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/386/SSUÖ (¹)
- 2) Í ljósi viðvarandi ólöglegar innlimunar Kríms lítur ráðið svo á að grípa ætti til viðbótaraðgerða til að takmarka viðskipti við og fjárfestingar á Krím og í Sevastopol.
- 3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 4) Því ber að breyta ákvörðun 2014/386/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2014/386/SSUÖ:

- 1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:
„Ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ frá 23. júní 2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol“.
- 2) Eftirfarandi greinar eru felldar inn:

„4. gr. a

1. Ríkisborgurum aðildarríkja er bannað að selja, afhenda eða tilfæra lykílúnað og -tækni til smíði, öflunar eða þróunar grunnvirkja í eftirfarandi geirum á Krím og í Sevastopol eða að gera slíkt frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða að nota til þess skip eða loftför, sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, óháð því hvort umræddur búnaður eða tækni er upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eða ekki:

- a) flutningar,
- b) fjarskipti,
- c) orka.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.

2. Lagt er bann við því að sjá fyrirtækjum á Krím og í Sevastopol, sem starfa að smíði, öflun eða þróun grunnvirkja í þeim geirum á Krím eða í Sevastopol, sem um getur í 1. mgr., fyrir eftirfarandi:

- a) tækniaðstoð eða -þjálfun og annarri þjónustu sem tengist lykílúnaði og -tækni eins og það er ákvarðað í samræmi við 1. mgr.,
- b) fjármögnun eða fjárhagsaðstoð vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings lykílúnaðar eða -tækni, eins og það er ákvarðað í samræmi við 1. mgr., eða vegna tengdrar tækniástoðar eða -þjálfunar.

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn sem um getur í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

4. gr. b

1. Ríkisborgurum aðildarríkja er bannað að selja, afhenda eða tilfæra lykílúnað og -tækni til nýtingar á eftirfarandi náttúruauðlindum á Krím og í Sevastopol, eða að gera slíkt frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða að nota til þess skip eða loftför, sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, óháð því hvort umræddur búnaður eða tækni er upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eða ekki:

- a) olía,
- b) gas,
- c) jarðefni.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.

2. Lagt er bann við því að sjá fyrirtækjum, sem starfa að nýtingu náttúruauðlinda á Krím og í Sevastopol, sem um getur í 1. mgr., fyrir eftirfarandi:

- a) tækniaðstoð eða -þjálfun og annarri þjónustu sem tengist lykilkúnaði og -tækni eins og það er ákvarðað í samræmi við 1. mgr.,
- b) fjármögnun eða fjárhagsaðstoð vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings lykilkúnaðar eða -tækni, eins og það er ákvarðað í samræmi við 1. mgr., eða vegna tengdrar tækniaðstoðar eða -þjálfunar.

3. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn sem um getur í 1. og 2. mgr. eru sniðgengin.

4. gr. c

Bönnin, sem sett eru fram í 4. gr. a og 4. gr. b, hafa ekki, fram til 28. október 2014, áhrif á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 30. júlí 2014 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga, sem gerðir verða og framkvæmdir eigi síðar en 28. október 2014.

4. gr. d

Lagt er bann við eftirfarandi:

- a) að veita fjárhagsleg lán eða lánaþyrngreiðslu sem eru sérstaklega ætluð til smíði, öflunar eða þróunar grunnvirkja í þeim geirum sem um getur í 4. gr. a,
- b) að eignast eða auka hlutdeild í fyrirtækjum á Krím eða í Sevastopol sem starfa að smíði, öflun eða þróun grunnvirkja í geirum sem um getur í 4. gr. a, þ.m.t. að eignast slík fyrirtæki að öllu leyti og að eignast hluti eða verðbréf sem fela í sér hlutdeild,
- c) að koma á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í tengslum við smíði, öflun eða þróun grunnvirkja í þeim geirum sem um getur í 4. gr. a.

4. gr. e

Lagt er bann við eftirfarandi:

- a) að veita fjárhagsleg lán eða lánaþyrngreiðslu sem eru sérstaklega ætluð til nýtingar á náttúruauðlindum sem um getur í 4. gr. b á Krím eða í Sevastopol,
- b) að eignast eða auka hlutdeild í fyrirtækjum á Krím og í Sevastopol sem starfa að nýtingu náttúruauðlinda sem um getur í 4. gr. b á Krím og í Sevastopol, þ.m.t. að eignast slík fyrirtæki að öllu leyti og að eignast hluti eða verðbréf sem fela í sér hlutdeild,
- c) að koma á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í tengslum við nýtingu náttúruauðlinda sem um getur í 4. gr. b á Krím eða í Sevastopol.

4. gr. f

Bönnin í 4. gr. d og 4. gr. e skulu:

- a) ekki hafa áhrif á efndir skuldbindingar sem stofnast með samningum eða samkomulagi sem var gert fyrir 30. júlí 2014,
- b) ekki koma í veg fyrir að hlutdeild sé aukin ef slík aukning er skuldbinding samkvæmt samkomulagi sem var gert fyrir 30. júlí 2014.

4. gr. g

Bönnin í 4. gr. b og 4. gr. e skulu ekki hafa áhrif á viðskipti í tengslum við viðhald sem miðar að því að tryggja öryggi fyrirbyggjandi grunnvirkja.“

3) Eftirfarandi málslíður bætist við í 5. gr.:

„Endurskoða skal 4. gr. a til 4. gr. g eigi síðar en 31. desember 2014.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 30. júlí 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. Gozi

forseti.

(¹) Ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ frá 23. júní 2014 um takmarkanir að því er varðar vörur sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol (Stjtið. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 70).

Fylgiskjal 6.1.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 825/2014**

frá 30. júlí 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 692/2014**um takmarkanir á innflutningi til Sambandsins á vörum sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ frá 23. júní 2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol (¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 692/2014 (²) kemur til framkvæmda á tilteknum aðgerðum sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/386/SSUÖ, s.s. takmörkunum hvað varðar vörur sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol og það að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, ásamt váttryggingum og endurtryggingum, sem tengist innflutningi á slíkum vörum, vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol.
- 2) Hinn 30. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/507/SSUÖ (³) sem breytir ákvörðun 2014/386/SSUÖ og felur í sér bann við nýjum fjárfestingum í tengslum við grunnvirki í flutninga-, fjarskipta- og orkugeirunum og bann við nýtingu náttúruauðlinda á Krím og í Sevastopol og útflutningsbann á lykilmúnað og -tækni innan þessara geira.
- 3) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 692/2014 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggja sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (ESB) nr. 692/2014:

- 1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Ákvörðun ráðsins 2014/386/SSUÖ frá 23. júní 2014 um þvingunaraðgerðir vegna ólögleggrar innlimunar Kríms og Sevastopol“.

- 2) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. gr.:

„f) „miðlunarþjónusta“:

- i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þ.m.t. frá þriðja landi til annars þriðja lands, eða
- ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, m.a. þegar þær eða hún er staðsett í þriðja landi og færa á þær eða hana til annars þriðja lands,
- g) „tækniaðstoð“: tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu og getur verið í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu verkþekkingar eða -kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu; tækniaðstoð getur m.a. verið munnleg.“

3) Eftirfarandi greinar bætist við:

„2. gr. a

1. Lagt er bann við eftirfarandi:

- a) að veita fjárhagsleg lán eða lánaþyrirgreiðslu sem eru sérstaklega ætluð til smíði, öflunar eða þróunar grunnvirkja í flutninga-, fjarskipta- eða orkugeirunum á Krím eða í Sevastopol,
- b) að eignast eða auka hlutdeild í fyrirtækjum á Krím eða í Sevastopol sem starfa að smíði, öflun eða þróun grunnvirkja í flutninga-, fjarskipta- eða orkugeirunum á Krím eða í Sevastopol, þ.m.t. að eignast slík fyrirtæki að öllu leyti og að eignast hluti eða verðbréf sem fela í sér hlutdeild,
- c) að koma á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í tengslum við smíði, öflun eða þróun grunnvirkja í flutninga-, fjarskipta- eða orkugeirunum á Krím eða í Sevastopol.

2. Lagt er bann við eftirfarandi:

- a) að veita fjárhagsleg lán eða lánaþyrirgreiðslu sem eru sérstaklega ætluð til nýtingar á olíu, gasi eða jarðefnum á Krím eða í Sevastopol,
- b) að eignast eða auka hlutdeild í fyrirtækjum á Krím eða í Sevastopol sem starfa að nýtingu olíu, gass eða jarðefna á Krím eða í Sevastopol, þ.m.t. að eignast slík fyrirtæki að öllu leyti og að eignast hluti eða verðbréf sem fela í sér hlutdeild,
- c) að koma á fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í tengslum við nýtingu olíu, gass eða jarðefna á Krím eða í Sevastopol.

3. Í þessari grein og 2. gr. b er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

- a) „jarðefni“: þau efni sem skráð eru í II. viðauka,
- b) „nýting“: leit, könnun, vinnsla, hreinsun og stjórnun olíu, gass og jarðefna og tengd jarðfræðileg þjónusta en tekur ekki til viðhalds til að tryggja öryggi fyrirliggjandi grunnvirkja,
- c) „hreinsun“: vinnsla, meðferð og undirbúningur fyrir sölu.

2. gr. b

Lagt er bann við því að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu er tengist þeirri fjárfestingarstarfsemi sem um getur í 2. gr. a.

2. gr. c

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, lykilbúnað og -tækni, eins og þau eru talin upp í III. viðauka til einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Krím eða í Sevastopol eða til notkunar á Krím eða í Sevastopol.

2. Í III. viðauka skal setja fram lykilbúnað og -tækni er varða smíði, öflun eða þróun grunnvirkja í eftirfarandi geirum:

- a) flutningageiranum,
- b) fjarskiptageiranum,
- c) orkugeiranum,
- d) geira nýtingar olíu, gass og jarðefna á Krím og í Sevastopol.

3. Lagt er bann við því:

- a) að láta einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á Krím eða í Sevastopol í té, með beinum eða óbeinum hætti, eða til notkunar þar, tæknilega aðstoð eða miðlunarþjónustu sem tengist þeim búnaði og þeirri tækni sem eru talin upp í III. viðauka eða tengjast því að útvega, framleiða, viðhalda og nota hluti sem eru taldir upp í III. viðauka og
- b) að láta einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á Krím eða í Sevastopol í té, með beinum eða óbeinum hætti, eða til notkunar þar, tækni sem er talin upp í III. viðauka.

4. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að þau bönn er um getur í 1. og 3. mgr. séu sniðgengin.

5. Bönnin í 1. og 3. mgr. gilda ekki hvað varðar efndir, fram til 28. október 2014, á viðskiptum á grundvelli viðskiptasamnings, sem er gerður fyrir 30. júlí 2014 og varðar lykílúnað eða -tækni sem eru talin upp í III. viðauka, eða fylgisamninga, sem eru nauðsynlegir vegna framkvæmdar slíkra samninga, að því tilskildu að einstaklingurinn eða lögaðilinn, rekstrareiningin eða stofnunin, sem hyggur á slík viðskipti eða hyggst aðstoða við slík viðskipti, hafi tilkynnt lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins, þar sem hann eða hún hefur staðfestu, um það eigi síðar en með 10 virkra daga fyrirvara.

2. gr. d

Ákvæði 2. gr. a og 2. gr. b gilda ekki um veitingu fjárhagslegra lána eða lánaþyrngreiðslu, aukinn hlut eða það að koma á fót fyrirtæki um sameiginlegt verkefni ef eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

- a) viðskiptin er nauðsynleg vegna samkomulags eða samnings sem er gerður fyrir 30. júlí 2014 og
- b) lögbært stjórnvald hefur verið upplýst um málið með a.m.k. 10 virkra daga fyrirvara.“

- 4) Viðaukinn við reglugerð (ESB) nr. 692/2014 fái nýja heitið „I. viðauki“ og II. og III. viðauki, eins og þeir eru settir fram í viðauka við þessa reglugerð, bætist við.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. Gozi

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 183, 24.6.2014 bls. 70.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 692/2014 frá 23. júní 2014 um takmarkanir á innflutningi til Sambandsins á vörum sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol (Stjtið. ESB L 183, 24.6.2014, bls. 9).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/507/SSUÓ frá 30. júlí 2014 um breytingu á ákvörðun 2014/386/SSUÓ um takmarkanir að því er varðar vörur sem eru upprunnar á Krím eða í Sevastopol vegna ólöglegar innlimunar Kríms og Sevastopol (Stjtið. ESB L 226, 30.7.2014, bls. 20).

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Jarðefnaauðlindir sem um getur í 2. gr. a

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452622857258&uri=CELEX:32014R0825>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

III. VIÐAUKI

Lykílúnaður og tækni sem varðar gerð, öflun eða þróun innviða í Krím og Sevastopol sem vísað er til í 2. gr. c.

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1452622857258&uri=CELEX:32014R0825>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.“

Fylgiskjal 7.4.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/1764****frá 1. október 2015****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 2) Ráðið telur að þessar þvingunaraðgerðir ættu ekki að hafa áhrif á evrópska geimiðnaðinn.
- 3) Af þessum sökum ætti að leyfa tiltekna aðgerðir er varða sértæk skoteldaefni sem um getur í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins ⁽²⁾, sem nauðsynleg eru til notkunar á skotbúnaði sem er starfræktur af skotbúnaðarþjónustuaðilum aðildarríkja eða með staðfestu í aðildarríki, eða við skot á vegum geimvísindaáætlana Sambandsins, aðildarríkja þess eða Geimvísindastofnunar Evrópu, eða við eldsneytisáfyllingu gervihnatta af hálfu framleiðenda gervihnatta með staðfestu í aðildarríki.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2014/512/SSUÖ:

- 1) Eftirfarandi málsgreinar bætist við 2. gr.:
„5. Bannið í 1. og 3. mgr. gildir ekki um:
 - a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út og að flytja inn, kaupa eða flytja hýdrasín (CAS 302-01-2), 70% að styrk eða þar yfir,
 - b) að flytja inn, kaupa eða flytja ósamhverft dímetýlhýdrasín (CAS 57-14-7),
 - c) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út og að flytja inn, kaupa eða flytja mónómetýlhýdrasín (CAS 60-34-4),til notkunar á skotbúnaði sem er starfræktur af evrópskum skotbúnaðarþjónustuaðilum eða við skot á vegum evrópskra geimvísindaáætlana eða við eldsneytisáfyllingu gervihnatta af hálfu evrópskra framleiðenda gervihnatta.
Reikna skal út magn hýdrasíns, sem flutt er út, í samræmi við skotið eða skotin eða gervihnettina sem það er framleitt fyrir og skal heildarmagnið ekki vera meira en 800 kg fyrir hvert einstakt skot eða gervihnött. Reikna skal út magn mónómetýlhýdrasíns, sem flutt er út, í samræmi við skotið eða skotin eða gervihnettina sem það er framleitt fyrir.
6. Bannið í 2. mgr. gildir ekki um veitingu tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu og um veitingu fjármagns eða fjárhagsástoðar, í tengslum við aðgerðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 5. mgr.
 7. Aðgerðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 5. mgr. og í 6. mgr. skulu vera háðar fyrirframleyfi lögbærra stjórnvalda aðildarríkjanna. Aðildarríki skulu tilkynna ráðinu með viðeigandi hætti um öll tilvik þegar þau veita slíkt leyfi. Þar á meðal skulu vera ítarlegar upplýsingar um fjárhæðir sem yfirfærðar eru og endanlega notkun.“
- 2) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 9. gr.:
„Ákvæði 6. mgr. 2. gr. koma til framkvæmda frá og með 9. október 2015.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 1. október 2015.

Fyrir hönd ráðsins,
E. Schneider
forseti.

(¹) Ákvörðun 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

(²) Stjtið. ESB C 129, 21.4.2015, bls. 1.

Fylgiskjal 7.5.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/2431

frá 21. desember 2015

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ

um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

Í stað 1. undirgr. 1. mgr. 9. gr. ákvörðunar 2014/512/SSUÖ kemur eftirfarandi:

Þessi ákvörðun skal gilda til 31. júlí 2016.

(Efnisútdráttur).

Fylgiskjal 8.3.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/1797

frá 7. október 2015

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir
í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1764 frá 1. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014 (²).
- 2) Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 var breytt 8. september og 4. desember 2014 með reglugerðum ráðsins (ESB) nr. 960/2014 (³) og (ESB) nr. 1290/2014 (⁴).
- 3) Hinn 1. október 2015 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2015/1764 í því skyni að leyfa tilteknar aðgerðir er varða sértæk skoteldaefni sem um getur í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins, sem nauðsynleg eru til notkunar á skotbúnaði sem er starfræktur af skotbúnaðarþjónustuaðilum aðildarríkja eða með staðfestu í aðildarríki, eða við skot á vegum geimvísindaáætlana Sambandsins, aðildarríkja þess eða Geimvísindastofnunar Evrópu, eða við eldsneytisáfyllingu gervihnatta af hálfu framleiðenda gervihnatta með staðfestu í aðildarríki.
- 4) Sumar þessara breytinga falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjum.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014:

„2a. Bannið í a- og b-lið 1. mgr. gildir ekki um veitingu tækniástoðar, fjármagns eða fjárhagsástoðar, beint eða óbeint, í tengslum við eftirfarandi aðgerðir:

- a) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út og að flytja inn, kaupa eða flytja hýdrasín (CAS 302-01-2), 70% að styrk eða þar yfir, að því tilskildu að sú tækniástoð, fjármögnun eða fjárhagsástoð varði magn hýdrasíns sem er reiknað út í samræmi við skotið eða skotin eða gervihnettina sem það er framleitt fyrir og að heildarmagnið sé ekki meira en 800 kg fyrir hvert einstakt skot eða gervihnött,
- b) að flytja inn, kaupa eða flytja ósamhverft dímetýlhýdrasín (CAS 57-14-7),
- c) að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út og að flytja inn, kaupa eða flytja mónómetýlhýdrasín (CAS 60-34-4), að því tilskildu að sú tækniástoð, fjármögnun eða fjárhagsástoð varði magn mónómetýlhýdrasíns sem er reiknað út í samræmi við skotið eða skotin eða gervihnettina sem það er framleitt fyrir,

að svo miklu leyti sem efnin sem um getur í a-, b- og c-lið þessarar málsgreinar eru ætluð til notkunar á skotbúnaði sem er starfræktur af evrópskum skotbúnaðarþjónustuaðilum, við skot á vegum evrópskra geimvísindaáætlana eða við eldsneytisáfyllingu gervihnatta af hálfu evrópskra framleiðenda gervihnatta.

2b. Veiting tækniástoðar, fjármagns eða fjárhagsástoðar, beint eða óbeint, í tengslum við aðgerðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. a skal vera háð fyrirframleyfi lögbærra stjórnvalda.

Þeir sem sækja um leyfi skulu afhenda lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi upplýsingar sem óskað er eftir.

Lögbær stjórnvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll leyfi sem eru veitt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 9. október 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. október 2015.

Fyrir hönd ráðsins,

J. Asselborn

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 2.10.2015, bls.42.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 960/2014 frá 8. september 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 271, 12.9.2014, bls. 3).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1290/2014 frá 4. desember 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 960/2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 (Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 20).